



From vision to action “Góðir hlutir gerast”

Nóvember 2009

2.tlb

Kæru formenn

Veturinn er genginn í garð og vetrarstarfið komið á fullt. Margir áhugaverðir fundir hafa verið haldnir og þátttaka góð. Fastanefndir hafa nokkrar hafið störf og er ýmislegt á döfinni. Ég fór í heimsókn til Kappadeildar og er ég þá búin að heimsækja bæði elstu og yngstu deildirnar. Það var mjög fróðlegt og gaman og þakka ég góðar móttökur.

Upplýsingar

Nefndir

Vefnefnd hefur verið stofnuð og starfa 3 vefumsjónarmenn í henni ásamt vefstjóra og forseta, sjá vefsíðu <http://dkg.muna.is/is/page/stjorn>. Hún náði ekki að hittast í október, en mun fræða ykkur um stöðu mála síðar. Útbreiðslunefnd og námsstyrkjanefnd hittust í október og fór yfir stöðuna og útgáfu- og kynningarnefnd hefur ákveðið að gefa út fréttabréf fyrir jól.



Í handbókinni á bls. 11 segir að ef félagsgjöldin hafi ekki skilað sér inn fyrir 1.nóvember missi félagar rétt sinn til þátttöku http://dkg.muna.is/is/page/efni_fyrir_formenn. Við höfum ekki verið mjög strangar um þetta, en þess ber að geta að svona eru reglurnar.



NÝTT

Gönguhópur DKG hefur göngu sína 3. nóvember.

Margrét Jónsdóttir í Gammadeild mun leiða hópinn. Ákveðið er að hittast við Perluna fyrsta þriðjudag í mánuði kl 17:30–18:30. Allar DKG konur eru velkomnar hvar á landinu sem þær búa. Í Öskjuhlíðinni er yndislegt að ganga hvort sem á að taka á því eða rölta í rólegheitum í góðum félagskap.

Til framkvæmda

Það er mikið atriði að félagatalið sé rétt á netinu. Sendið konum bréf um að fara inn á vefinn og athuga hvort þær eru með réttar upplýsingar. Það eru orðnar þó nokkrar breytingar m.a. á netföngum. Sendið breytingar í félagatalið til Eyglóar eyglob@unak.is vefstjóra. Hvetjið einnig vefumsjónarmenn að hafa samband ef þeir þurfa aðstoð við að setja efni á vefinn.



Þegar við afhendum gestum rósina, er gaman að nefna að hún endurspegli andríki og sköpunargáfu, sjá bls. 5 í handbókinni eða á vefnum <http://dkg.muna.is/is/page/takn>: *Blóm samtakanna er rauð rós, sem er stórkostleg sköpun náttúrunnar en endurspeglar jafnframt andríki og sköpunargáfu. Rauði liturinn á rósinni er tákn þess hugrekksis sem þarf til að ná árangri.*

Nóvember 2009						
Mon	Tue	Wed	Thu	Fri	Sat	Su
	3	4	5	6	7	1
2	8	9	10	11	12	13
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	1					

Gönguhópurinn hefur göngu sína 3.nóvember

Forseti fær sent form frá alþjóðaskrifstofu og áframsendir til formanna deilda.

Eindagar

Félagsgjald, kr 7500,- þarf að berast gjaldkera landssambands fyrir 10.nóvember frá gjaldkerum deilda.

1.des. Skila inn umsókn um Golden Gift Fund og Leadership Seminar.

Með systrakveðju,

Ingibjörg Jónasdóttir
landssambandsforseti DKG

